

Æskulýðsnefnd LH

ársskýrsla 2013



Á FEIF Youth Camp 2013.

Nefndin hélt fundi eftir þörfum á síðasta starfsári og einnig var tölvupóstur mikið notaður til samskipta. Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru að auglýsa og velja umsækjendur á FEIF Youth Camp sem haldið var í júlí á Stall Kjersem í vesturhluta Noregs, undirbúningur á FEIF Youth Cup sem haldið verður á Hólum í Hjaltadal næsta sumar og val handhafa æskulýðsbikars LH, ásamt því að vinna þau verkefni sem vísað var til nefndarinnar. Mannaskipti urðu á síðasta ári þegar Þorvarður Helgason sem hefur verið í nefndinni til fjölda ára hætti. Þorri er mikill áhugamaður um málefni æskunnar og hefur unnið ötullega að málefnum hennar í áraraðir og þökkum við honum ánægjulegt samstarf. Í nefndina komu þau Stefán Ármannsson úr Dreyra og Thelma Víglundsdóttir úr Sörla, við bjóðum þau velcomin til starfa. Aðrir nefndarmenn eru Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Helga Björg Helgadóttir og Sóley Margeirsdóttir.

Fulltrúi æskunnar á FEIF ráðstefnu.

Í febrúar var haldin árleg ráðstefna FEIF í Malmö í Svíþjóð og á æskulýðsfundi sat Helga B. Helgadóttir fyrir Íslands hönd en hún er einnig í æskulýðsnefnd FEIF. Þar var farið yfir æskulýðsmál aðildarríkja FEIF, svo sem Youth Cup og Youth Camp sem haldin eru annað hvert ár og eru alltaf viðamikil verkefni. Æskulýðsfulltrúar aðildarlanda FEIF segja frá starfsemi í sínum löndum og leita upplýsinga hvert hjá öðru varðandi æskulýðsmál. Þessir fundir eru afar fróðlegir og ánægjulegt að finna hinn mikla áhuga Íslandshestafólks á Íslandi, hestinum og öllu því sem íslenskt er.



Á Youth Camp; Andrea, Helga, Guðbjörg Halldórsdóttir, Ingi Björn Leifsson, Arnór Hugi Sigurðsson, Kolbrún Lind Malmquist og Viktoría Gunnarsdóttir.

Youth Camp í Noregi

Dagana 22. – 29. júlí var haldið FEIF Youth Camp á Stall Kjersem í Noregi. Á Stall Kjersem eru mest íslenskir hestar. Á staðnum er boðið uppá styttri og lengri hestaferðir. Eigandi staðarins og Íslandsvinurinn Björn Kjersem býður alla Íslendinga velkomna í heimsókn, hann hefur mikla tengingu við landið og talar mjög góða íslensku. Nánar er hægt að sjá meira um staðinn á: www.stallkjersem.no

Alls voru þátttakendur 36 og þar af voru 5 íslenskir unglingar. Það voru þau Arnór Hugi Sigurðsson og Viktoría Gunnarsdóttir úr Dreyra, Ingi Björn Leifsson úr Sleipni, Kolbrún Lind Malmquist úr Létti og Guðbjörg Halldórsdóttir úr Skugga. Fararstjórar voru Andrea Margrét Þorvaldsdóttir og Helga Björg Helgadóttir úr æskulýðsnefnd LH, en Helga var einnig fulltrúi FEIF á staðnum.

Flogið var til Osló að morgni 22. júlí og þaðan flogið til Molde sem er á vesturströnd Noregs. Frá Molde var farið með ferju til Vestnes og þaðan er skammt að keyra uppí fjöllin þar sem Stall Kjersem er staðsett. Um kvöldið þegar við komum lá þykk þoka yfir öllum dalnum. Um hádegi daginn eftir létti þokunni, sólin braust fram og skein á okkur alla vikuna, en hitinn fór aldrei undir 20°. Hópurinn samanstóð af krökkum á aldrinum 14 – 17 ára frá 11 aðildarlöndum FEIF. Gist var í bjálkahúsum með takmörkuðu rafmagni, ekkert símasamband var á staðnum sem krökkunum fannst frekar erfitt í fyrstu en bara gott þegar á leið. Umhverfið sem við vorum í er einstaklega fallegt og krakkarnir nutu þessa að fara í göngutúra, reiðtúra, sula í læknum, fara í viðarkyntan heitan pott og njóta leiðsagnar Björns Kjersem og fóstursonar hans Stian Petersen sem er margfaldur heimsmeistari á íslenskum hestum. Björn og Liv aðstoðarkona hans sýndu á þeim sex dögum sem við vorum í heimsókn, þjálfun sem þau kalla „græna“ þjálfun þar sem þau tóku bandvanan hest og í enda vikunnar var farið á bak. Krökkunum fannst þetta mjög lærdómsríkt og ætluðu þau að nýta sér það sem þau höfðu lært þegar heim var komið. Stian bauð okkur heim og þar sýndi hann okkur Glóbus frá Jakobsgarden sem búinn var að tryggja sér þátttökurétt á HM í Berlin í ágúst. Krakkarnir fengu einnig leiðsögn hjá Stian fyrir keppni sem Íslandshestafélagið í Tresfjord stóð fyrir í vikulokin. Að auki sáu þau bíómyndir sem Björn

og vinur hans Stein P. Aasheim, frægur ævintýramaður, höfðu gert saman. Þær fjölluðu um ferð sem farin var á íslenskum hestum yfir til Svíþjóðar að kaupa kaffi, hestakaupleiðangur til Moldavíu og einnig sagði Stein frá ferðum sínum víða um heim en hann hefur m.a. farið á Suðurpólinn, þvert yfir Grænlandsjökull, búið á Svalbarða í eitt ár með fjölskyldu sinni, klifið Kilimanjaro og hjólað yfir Saharaeyðimörkina svo eitthvað sé upp talið.

Einn daginn var farið í skoðunarferð til Ålesund, en umhverfið á þessu svæði er einstaklega fallett, djúpir firðir og há fjöll sem eru gróðri vaxin frá toppi til sjávar.



Fésbókarsíða

Á síðast ári tókum við í notkun fésbókarsíðu Æskulýðsnefndar og þar er unnið að því að setja inn myndir og sögur af því sem nefndin er helst að starfa að hverju sinni. Okkar mat er að með síðunni náum við helst til okkar skjólstæðinga, æskulýðsins, en á síðunni verða auglýstir þeir viðburðir sem æskulýðsnefndin stendur fyrir. Síðan heitir Æskulýðsnefnd LH.

Æskulýðsbikar LH

Í ár skiluðu 27 hestamannafélög skýrslum til Æskulýðsnefndar þar sem ársstarfinu eru gerð skil. Skýrslurnar hafa aldrei verið fleiri og fjölgar þeim ár frá ári sem er afar ánægjulegt. Unnið er út frá þessum skýrslum þegar handhafi Æskulýðsbikars LH er valinn, en hann er veittur félagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsstarfi síðastliðins árs. Bikarinn hefur verið afhentur sautján sinnum. Það er afar skemmtilegt að lesa skýrslurnar og gaman að sjá hversu öflug sum félögin eru í starfi æskunnar. Það er ekki á neinn hallað þegar sagt er að þetta starf er eitt það þýðingarmesta í félögunum því við höfum séð það í gegnum árin að öflugt æskulýðsstarf skilar sér í öflugari hestamönnum hvort heldur sem er keppnisfólki eða þeim sem ríða út sér til ánægju.

Ég hvet ykkur til að lesa skýrslur liðinna ára sem hægt er að finna á heimasíðu LH undir æskulýðsmál. Þar má sjá það fjölbreytta starf sem á sér stað í félögunum á landinu og gaman að sjá í ár hvað mikið af nýjum viðfangsefnum æskulýðsnefndirnar hafa boðið uppá.

Á ársþingi LH sem haldinn var í Reykjavík síðastliðið haust hlaut hestamannafélagið Sleipnir bikarinn fyrir starfsárið 2012 en handhafi bikarsins fyrir starfsárið 2013 verður tilkynntur á formannafundi LH í Reykjavík 8. nóvember.

Hér má sjá hvaða félög hafa hlotið þennan eftirsóttu bikar.

1996 Léttir	2005 Andvari
1997 Gustur	2006 Léttir
1998 Sörli	2007 Máni
1999 Hörður	2008 Þytur
2000 Freyfaxi	2009 Dreyri
2001 Máni	2010 Logi
2002 Smári	2011 Hörður
2003 Fákur	2012 Sleipnir
2004 Blær	2013 ?

Framundan

Eins og áður sagði verður í júlí á næsta ári haldið FEIF Youth Cup hér á landi. Æskulýðsnefndin mun standa að undirbúningi og skipulagi á mótinu en það er haldið í samvinnu við FEIF. Gerður hefur verið samningur við staðarhaldara á Hólum í Hjaltadal að halda mótið þar. Hólar er fallegur og sögufrægur staður og afar gaman að geta haldið mótið þar. Þátttakendur eru yfir 70 og þar af eru um 60 sem koma erlendis frá og þurfa að fá lánaða eða leigða hesta hér á landi. Æskulýðsnefndin biðlar til hesteigenda að bregðast vel við þegar auglýst verður eftir hestum fyrir gestina. Fyrstu daga vikunnar njóta krakkarnir leiðsagnar góðra þjálfara, farið er í skemmtiferð einn dag og síðan tekur við 3ja daga keppni en keppt er í ýmsum greinum svo sem; tölti T3, T6, T7, fjórgangi V2, V4, fimmgangi F2, skeiði PP2, P2, þrautabraut TR1, víðavangshlaupi CR1, fánareid FR1 og fimi FS2 og FS3. Auglýst verður eftir umsóknum íslenskra þátttakenda á aldrinum 14 – 17 ára fljótlega á nýju ári.

Við höfum í nokkur ár vonast til að geta haldið ráðstefnu æskulýðsmála, en ein slík var haldin fyrir nokkrum árum. Okkur fannst koma mikið úr þeirri hópavinnu sem þar var unnin af æskulýðsfulltrúum og við stefnum ótrauð að því að halda slíka ráðstefnu aftur. Ekki hefur þó verið ákveðið hvenær af því verður, en við munum gera könnun á meðal æskulýðsfulltrúa á áhuga þeirra á slíkum fundi.

Síðastliðið sumar kom upp hugmynd að skella aftur á léttu æskulýðsmóti á Skógarhólum en því miður var þátttakan ekki nægileg til að framkvæma þessa góðu hugmynd. Eftir á að hyggja höfum við líklega auglýst mótið of seint og margir því búnir að ráðstafa sínum tíma í annað. Nefndin hefur ákveðið að halda slíkt mót í júní 2015.

Við erum einnig alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

f.h. Æskulýðsnefndar LH
Helga Björg Helgadóttir formaður